# Re: Forkaupsréttur - beiðni um umsögn

| | |
|---|---|
| Búið til | 18.1.2021 13:58:11 |
| Höfundur | Þorkell Lindberg Þórarinsson |
| Sent | 18.1.2021 13:51:09 |
| Tilheyrir | 202101-0039 - Forkaupsréttur -Svefneyjar - beiðni um umsögn |

---

## Efni

| |
|---|
| Re: Forkaupsréttur - beiðni um umsögn |

## Upplýsingar / Vinnsla

| Upplýsingar | | Vinnsla | |
|---|---|---|---|
| Sent | 18.1.2021 13:51:09 | Staða | Imported |
| Eigandi | | Tímamörk | |
| Skjalalykill | 42-0 Umsagnir almennt | | |
| Lykilorð | | | |

## Þátttakendur

| | |
|---|---|
| Frá | Þorkell Lindberg Þórarinsson - NI (Thorkell.L.Thorarinsson@ni.is) |
| Til | sigridur.svana.helgadottir@uar.is |

## Innihald

Umhverfis- og auðlindaráðuneytið

Sigríður Svana Helgadóttir

Skuggasund 1

150 Reykjavík

Vísað er til erindis umhverfis- og auðlindaráðuneytisins (UMH21010089), dags. 8.1.2021, þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands varðandi það hvort forkaupsréttur ríkissjóðs verði nýttur vegna sölu á jörðinni Svefneyjar, Reykhólahreppi, fastanr. 212-2675, landnr. 139689.

Svefneyjar er stór eyjaklasi í hjarta verndarsvæðis Breiðafjarðar. Fuglalíf er mikið og fjölbreytt. Föst búseta hefur ekki verið í Svefneyjum um áratugaskeið en blómlegt æðarvarp hefur verið nýtt á hefðbundinn hátt til þessa. Núverandi eigendur mega skv. kaupsamningi nýta æðarvarp næstu þrjú árin en að öðru leyti er óljóst hvaða áform væntanlegir kaupendir hafa a prjónunum varðandi Svefneyjar.

Miðað við að nýting eyjanna verði með svipuðum hætti og verið hefur telur Náttúrufræðistofnun Íslands ekki sérstaka ástæðu til að ríkissjóður nýti forkaupsrétt sinn að þessu sinni.

Virðingarfyllst,

Þorkell Lindberg Þórarinsson

Þorkell Lindberg Þórarinsson

Forstjóri/Director General
Náttúrufræðistofnun Íslands
Icelandic Institute of Natural History
Urriðaholtsstræti 6-8
210 Garðabær
Sími/Tel: 590 0500
Email: thorkell.l.thorarinsson@ni.is (mailto:thorkell.l.thorarinsson@ni.is)

---

**From:** "Sigríður Svana Helgadóttir" <sigridur.svana.helgadottir@uar.is>
**To:** "Móttaka - NI" <Mottaka@ni.is>
**CC:**
**Subject:** Forkaupsréttur - beiðni um umsögn
**Date:** 8.1.2021 11:00:24

Tilvísun í mál: UMH21010089

Umhverfis- og auðlindaráðuneytinu hefur borist erindi það sem óskað er eftir því að ráðuneytið taki afstöðu til þess hvort forkaupsréttur verði nýttur vegna sölu á jörðinni Svefneyjar, Reykhólahreppi, fastanr. 212-2675, landnr. 139689. Jörðin er innan verndarsvæðis Breiðafjarðar skv. lögum nr. 54/1995. Samkvæmt 5. mgr. 37. gr. náttúruverndarlaga, nr. 60/2013, skal ríkissjóður hafa forkaupsrétt að jörðum og öðrum landareignum sem eru að hluta eða öllu leyti á náttúruminjaskrá að þeim aðilum frágengnum sem veittur er forkaupsréttur með jarðalögum.

Hér með óskar ráðuneytið eftr umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um innkomið erindi. Óskað er eftir því að umsögnin berist ráðuneytinu eigi síðar en 18. janúar nk.

Fyrir hönd ráðherra,
Sigríður Svana Helgadóttir

**Sigríður Svana Helgadóttir, lögfræðingur / Head of Division**
Skrifstofa landgæða / Department of Land and Natural Heritage
Umhverfis- og auðlindaráðuneytið / Ministry for the Environment and Natural Resources
Skuggasund 1, 101 Reykjavik, Iceland
Sími / Tel: (+354) 545 8600
www.umhverfisraduneyti.is (http://www.umhverfisraduneyti.is/) - Fyrirvari/Disclaimer
(https://www.stjornarradid.is/um-vefinn/um-abyrgd-a-tolvuposti-email-disclaimer/)

Vinsamlegast hugið að umhverfinu áður en tölvupósturinn er prentaður / Please consider the environment before printing

## Viðhengi

image001.gif (2 KB)